# Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

## Ársreikningur samstæðu og móðurfélags 2012

Keilir, miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs ehf.
Grænásbraut 910
235 Reykjanesbær

kt. 500507-0550

# Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjórnar

Megintilgangur félagsins er rekstur skólastofnunar og rannsóknarstarfsemi ýmiskonar.

Tap var af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 20,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 164,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé félagsins í ársbyrjun var 344,0 millj. kr. en á árinu afsöluðu fjórir hluthafar hlutafé sínu til félagsins án endurgjalds, samtals að nafnverði 135,1 millj. kr. Félagið afhenti síðan 65,0 millj. kr. af eigin bréfum aftur án endurgjalds og seldi eigin bréf að fjárhæð 36,5 millj. kr. þannig að hlutafé þess nemur 310,4 millj. kr. í árslok. Hlutafé í árslok skiptist á 16 hluthafa, þremur færri en í ársbyrjun og áttu fimm hluthafar yfir 10% eignarhluta í félaginu, en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Háskóli Íslands ........ | 25,8% |
| Samband sveitarfélaga á Suðurlandi ........ | 20,9% |
| Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. ........ | 15,0% |
| HS Orka hf. ........ | 11,3% |
| Orkuveita Reykjavíkur ........ | 11,3% |

Samkvæmt 74. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, er ekki heimilt að greiða arð til hluthafa á árinu 2013 vegna rekstrarársins 2012, en vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 7. maí 2013

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. og dótturfélaga fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.
Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**
Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2012, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík 7. maí 2013

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | Samstæða 2012 | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2012 | Móðurfélag 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur af kennslu og rannsóknum | | 571.419 | 550.157 | 468.001 | 550.157 |
| Þjónustutekjur húsnæðis | | 65.848 | 56.207 | 65.445 | 56.207 |
| Styrkir og aðrar tekjur | | 13.239 | 33.522 | 7.976 | 13.370 |
| | | 650.506 | 639.886 | 541.421 | 619.734 |
| Laun og launatengd gjöld | 2 | 338.343 | 345.928 | 301.030 | 345.928 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 240.445 | 253.977 | 184.597 | 253.042 |
| | | 578.788 | 599.904 | 485.627 | 598.970 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | | 71.718 | 39.981 | 55.794 | 20.764 |
| Afskriftir | 3 | ( 45.872) | ( 44.615) | ( 22.107) | ( 44.615) |
| **Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði** | | 25.847 | ( 4.634) | 33.687 | ( 23.851) |
| Vaxtatekjur | | 1.609 | 1.330 | 1.218 | 1.323 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 40.233) | ( 55.848) | ( 28.518) | ( 55.677) |
| Niðurfærsla eignarhluta | | 0 | ( 394) | 0 | ( 410) |
| Gengismunur | | ( 7.498) | ( 2.326) | 367 | ( 2.326) |
| | | ( 46.123) | ( 57.238) | ( 26.933) | ( 57.089) |
| Áhrif dótturfélaga | 9 | 0 | 0 | ( 27.030) | 15.247 |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | ( 20.276) | ( 61.872) | ( 20.276) | ( 65.693) |
| Tekjuskattur | | 0 | 0 | 0 | 3.821 |
| **Tap ársins** | 11 | ( 20.276) | ( 61.872) | ( 20.276) | ( 61.872) |

# Efnahagsreikningur

| | Skýr. | Samstæða 2012 | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2012 | Móðurfélag 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | |
| Stofnkostnaður | | 12.580 | 2.393 | 0 | 2.393 |
| Óefnislegar eignir | 4 | 12.580 | 2.393 | 0 | 2.393 |
| Fasteignir og lóð | | 369.696 | 361.504 | 369.696 | 361.504 |
| Flugvélar og flugvélaíhlutir | | 185.362 | 210.786 | 0 | 210.786 |
| Áhöld, tæki og húsgögn | | 32.994 | 41.718 | 30.616 | 41.718 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 588.053 | 614.008 | 400.313 | 614.008 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | 9 | 0 | 0 | 10.067 | 15.747 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 10 | 5.290 | 5.090 | 5.290 | 5.090 |
| Skatteign | | 0 | 0 | 0 | 3.821 |
| Áhættufjármunir | | 5.290 | 5.090 | 15.357 | 24.658 |
| Fastafjármunir samtals | | 605.923 | 621.490 | 415.669 | 641.059 |
| Birgðir | | 5.156 | 913 | 0 | 913 |
| Viðskiptakröfur | | 47.898 | 42.387 | 33.765 | 42.387 |
| Kröfur á tengda aðila | | 0 | 507 | 73.667 | 4.516 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 7.280 | 35.552 | 1.737 | 13.078 |
| Handbært fé | | 53.256 | 17.437 | 29.407 | 15.335 |
| Veltufjármunir samtals | | 113.590 | 96.795 | 138.576 | 76.229 |
| **Eignir samtals** | | 719.513 | 718.285 | 554.245 | 717.288 |

| | Skýr. | Samstæða 2012 | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2012 | Móðurfélag 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Hlutafé | | 310.382 | 344.000 | 310.382 | 344.000 |
| Yfirverðsreikningur | | 70.100 | 0 | 70.100 | 0 |
| Lögbundinn varasjóður | | 13.333 | 13.333 | 13.333 | 13.333 |
| Ójafnað eigið fé | | ( 229.328) | ( 209.052) | ( 229.328) | ( 209.052) |
| Eigið fé samtals | 11 | 164.487 | 148.281 | 164.487 | 148.281 |
| **Skuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | | 57.512 | 62.977 | 57.512 | 62.977 |
| Eignaleigusamningar | | 103.956 | 111.247 | 0 | 111.247 |
| Skuldabréfalán | | 7.800 | 10.400 | 7.800 | 10.400 |
| Skuld við Þróunarfélagið | 15 | 256.779 | 248.043 | 256.779 | 248.044 |
| Langtímaskuldir samtals | 13 | 426.047 | 432.667 | 322.091 | 432.668 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 2.395 | 0 | 0 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 28.456 | 48.063 | 19.498 | 48.063 |
| Skuldir við tengda aðila | | 9.023 | 3.451 | 9.023 | 3.451 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 14 | 28.602 | 26.059 | 11.043 | 26.059 |
| Skammtímalán | | 7.500 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 20.875 | 38.508 | 17.465 | 37.509 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 11 | 32.127 | 21.257 | 10.638 | 21.257 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 128.979 | 137.337 | 67.667 | 136.339 |
| Skuldir samtals | | 555.025 | 570.004 | 389.758 | 569.007 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 719.513 | 718.285 | 554.245 | 717.288 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2012

| | Skýr. | Samstæða 2012 | Samstæða 2011 | Móðurfélag 2012 | Móðurfélag 2011 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Tap samkvæmt rekstrarreikningi | 11 | (20.276) | (61.872) | (20.276) | (61.872) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | 3 | 45.872 | 44.615 | 22.107 | 44.615 |
| Niðurfærsla eignarhluta | | 0 | 394 | 0 | 410 |
| Gengismunur og verðbætur skulda | | 18.992 | 30.336 | 11.109 | 30.336 |
| Áhrif dótturfélaga | 9 | 0 | 0 | 27.030 | (15.247) |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) | | 44.587 | 13.473 | 39.970 | (1.759) |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, hækkun | | (4.243) | (913) | (0) | (913) |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | 22.761 | (18.198) | 16.263 | (2.031) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | (15.060) | 6.973 | (19.142) | 3.040 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting | | 10.870 | (7.610) | (10.620) | (7.610) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 14.327 | (19.749) | (13.498) | (7.514) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | 58.915 | (6.276) | 26.472 | (9.273) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | | (12.580) | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 4 | (17.524) | (25.054) | (16.805) | (25.054) |
| Fjárfesting í áhættufjármunum | | (1.500) | 0 | (1.500) | 0 |
| Söluverð eignarhluta í félögum | | 300 | 0 | 300 | 0 |
| Kröfur á tengda aðila, breyting | | 0 | 0 | (4.047) | 0 |
| Skammtímakröfur, breyting | | 0 | (4.327) | 3.821 | (2.601) |
| Fjárfestingahreyfingar | | (31.304) | (29.382) | (18.232) | (27.656) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 13.000 | 0 | 13.000 |
| Afborganir langtímalána | | (23.069) | (18.595) | (10.223) | (18.595) |
| Lán við tengda aðila, breyting | | 31.277 | 9 | 16.054 | 9 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 8.208 | (5.585) | 5.832 | (5.585) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 35.819 | (41.243) | 14.072 | (42.514) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 17.437 | 58.680 | 15.335 | 57.848 |
| **Handbært fé í árslok** | | 53.256 | 17.437 | 29.407 | 15.335 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | | | | |
| Yfirfærsla rekstrarfjármuna í dótturfélag | | 0 | | 210.786 | |
| Yfirfærsla langtímalána í dótturfélag | | 0 | | (126.479) | |
| Krafa á dótturfélag, hækkun | | 0 | | (85.454) | |
| Skammtímakröfur | | 0 | | 4.614 | |
| Skammtímaskuldir | | 0 | | (3.467) | |
| Skuld við tengda aðila | | 36.482 | | 36.482 | |
| Seld eigin hlutabréf | | (36.482) | | (36.482) | |

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskila*

Ársreikningur Keilis miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir í þúsundum króna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

### b. *Erlendir gjaldmiðlar*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Varanlegir rekstrarfjármunir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum sem tilgreindar eru á gangvirði eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi sem gilti á viðskiptadegi.

### c. *Innlausn tekna*

Tekjur af þjónustusamningum eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Skólagjöld tekjufærast við innritun nemenda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

### d. *Óefnislegar eignir*

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Á meðal óefnislegra eigna er færður kostnaður vegna undirbúnings náms í flugvirkjun sem hefst á árinu 2013. Fyrirhugað er að gjaldfæra kostnaðinn á þremur árum.

### e. *Varanlegir rekstrarfjármunir*

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar annars vegar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð og hins vegar í samræmi við flugstundir.

### f. *Dótturfélög*

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins.

### g. *Eignarhlutir í félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna áætlaðrar verðrýrnunar þessara félaga.

### h. *Birgðir*

Birgðir samstæðunnar eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Um er að ræða rekstrarvörubirgðir flugvéla.

### i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar niður í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### j. *Handbært fé*

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. ***Skatteign***

Skatteign félagsins er reiknuð en ekki færð í ársreikninginn vegna óvissu um nýtingu hennar í framtíðinni. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins. Í árslok var reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs taps hærri en tekjuskattskuldbinding af efnahagsliðum.

l. ***Fyrirframinnheimtar tekjur***

Tekjur sem innheimtar hafa verið á árinu 2012 og tilheyra síðari tímabilum eru færðar til skuldar í ársreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | **2012** | **2011** | **2012** | **2011** |
| Laun | 222.375 | 208.898 | 200.356 | 208.898 |
| Launatengd gjöld | 41.500 | 40.763 | 37.308 | 40.763 |
| Aðkeypt kennsla | 74.468 | 96.267 | 63.367 | 96.267 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 338.343 | 345.928 | 301.030 | 345.928 |
| | | | | |
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 57 | 52 | 47 | 52 |
| Meðalstöðugildi | 47 | 43 | 41 | 43 |

Laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu samtals 16,5 millj. kr. á árinu 2012. Á árinu 2011 námu laun til framkvæmdastjóra og stjórnar samtals 16,4 millj. kr.

## 3. Afskriftir

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

| | Samstæða | | Móðurfélag | |
|---|---|---|---|---|
| | **2012** | **2011** | **2012** | **2011** |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 43.479 | 39.038 | 19.715 | 39.038 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 2.393 | 5.577 | 2.393 | 5.577 |
| Fært í rekstrarreikning sem afskriftir | 45.872 | 44.615 | 22.107 | 44.615 |

## 4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og gjaldfærsla þeirra greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Óefnislegar eignir 1.1.2012 | 2.393 | 2.393 |
| Viðbætur á árinu | 12.580 | 0 |
| Gjaldfært á árinu | ( 2.393) | ( 2.393) |
| Óefnislegar eignir 31.12.2012 | 12.580 | 0 |

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| Samstæða: | Fasteignir og lóð | Flugvélar og flugvélaihlutir | Áhöld, tæki og húsgögn | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2012 | 370.997 | 258.031 | 78.706 | 707.734 |
| Viðbætur á árinu | 15.036 | ( 1.659) | 4.147 | 17.524 |
| Heildarverð 31.12.2012 | 386.033 | 256.372 | 82.853 | 725.258 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 9.493 | 47.245 | 36.988 | 93.726 |
| Afskrifað á árinu | 6.843 | 23.764 | 12.872 | 43.479 |
| Afskrifað samtals 31.12.2012 | 16.336 | 71.009 | 49.860 | 137.205 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2012 | 361.504 | 210.786 | 41.718 | 614.008 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 369.696 | 185.363 | 32.994 | 588.053 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 8% | 10 - 20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 13 ár | 5 - 10 ár | |
| **Móðurfélag:** | | | | |
| Heildarverð 1.1.2012 | 370.997 | 258.031 | 78.706 | 707.734 |
| Viðbætur á árinu | 15.036 | 0 | 1.770 | 16.805 |
| Yfirfært í dótturfélag | 0 | ( 258.031) | 0 | ( 258.031) |
| Heildarverð 31.12.2012 | 386.033 | 0 | 80.476 | 466.508 |
| | | | | |
| Afskrifað áður | 9.493 | 47.245 | 36.988 | 93.726 |
| Afskrifað á árinu | 6.843 | 0 | 12.871 | 19.715 |
| Yfirfært í dótturfélag | 0 | ( 47.245) | 0 | ( 47.245) |
| Afskrifað samtals 31.12.2012 | 16.336 | 0 | 49.859 | 66.196 |
| | | | | |
| Bókfært verð 1.1.2012 | 361.504 | 210.786 | 41.718 | 614.008 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 369.696 | 0 | 30.616 | 400.313 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutföll | 2% | 8% | 10 - 20% | |
| Áætlaður nýtingartími | 50 ár | 13 ár / flugst. | 5 - 10 ár | |

## 6. Kaup á rannsóknartækjum og búnaði

Dótturfélagið Orkurannsóknir ehf. hefur lagt í kostnað vegna kaupa á rannsóknartækjum og búnaði auk aðstöðuskoöpunar. Kaupin hafa verið fjármögnuð með óendurkræfum styrkjum. Stofnverð eigna telst kostnaðarverð þeirra, þ.e. kaupverð, ásamt kostnaði við endurbætur, breytingar eða endurbyggingu og sérhverjum öðrum kostnaði sem á eignirnar fellur, en að frádregnum óendurkræfum styrkjum og afsláttum að fjárhæð 116,6 millj. kr. Vátryggingaverðmæti þessara sömu rannsóknartækja og búnaðar í nemur 175,5 millj. kr. í árslok 2012.

## 7. Fjármögnunarleiga

Félagið hefur gert fjármögnunarleigusamninga um fimm flugvélar til níu ára og eru þær færðar til eignar hjá félaginu þrátt fyrir að formlegur eignarréttur sé hjá leigusala. Bókfært verð flugvélanna nam 172,7 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 191,8 millj. kr.). Eftirstöðvar fjármögnunarleigusamninganna námu 121,5 millj. kr. á sama tíma (2011: 126,5 millj. kr.). Vátryggingarverð vélanna nam 210,3 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 197,3 millj. kr.).

**8. Fasteignamat og vátryggingaverð**

Fasteignamat fasteignar og lóða nam samtals 346,2 millj. kr. í árslok 2012 (2011: 347,6 millj. kr.). Á sama tíma var brunabótamat fasteignar samtals 1.089,1 millj. kr. (2011: 1.080,0 millj. kr.). Vátryggingaverðmæti áhalda, tækja, húsgagna og tölvubúnaðar nemur 57,0 millj. kr. í árslok 2012.

**9. Eignarhlutir í dótturfélögum**

Dótturfélög, sem öll eru færð í samstæðureikninginn eru eftirtalin:

| | Eignarhlutur | Móðurfélag Áhrif í rekstur | Móðurfélag Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Keilir Air Operations Center ehf. | 100% | ( 20.849) | ( 20.349) |
| Keilir - FVB ehf. | 100% | ( 358) | 142 |
| Orkurannsóknir ehf. | 100% | ( 5.822) | 9.925 |
| Fært á móti kröfu á tengda aðila | | | 20.349 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum 31.12.2012 | | ( 27.030) | 10.067 |

**10. Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum hjá móðurfélaginu greinist þannig:

| | Eignarhlutur | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Íþróttavellir ehf. | 33% | 4.290 |
| FSCI ehf. | 25% | 1.000 |
| Eignarhlutir í félögum 31.12.2012 | | 5.290 |

**11. Eigið fé**

Hlutafé félagsins í ársbyrjun var 344,0 millj. kr. en á árinu afsöluðu fjórir hluthafar hlutafé sínu til félagsins án endurgjalds, samtals að nafnverði 135,1 millj. kr. Félagið afhenti síðan 65,0 millj. kr. af eigin bréfum aftur án endurgjalds og seldi eigin bréf að fjárhæð 36,5 millj. kr. þannig að hlutafé þess nemur 310,4 millj. kr. í árslok. Viðskipti með eigin bréf án endurgjalds eru færð á yfirverðsreikning. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Hlutafé samkvæmt samþykktum | 344.000 |
| Eigin hlutabréf | ( 33.618) |
| Hlutafé samkvæmt efnahagsreikningi | 310.382 |

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Lögbundinn varasjóður | Ójafnað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2012 | 344.000 | 0 | 13.333 | ( 209.052) | 148.281 |
| Seld eigin bréf | 36.482 | | | | 36.482 |
| Eigin bréf, breyting | ( 70.100) | 70.100 | | | 0 |
| Tap ársins | | | | ( 20.276) | ( 20.276) |
| Eigið fé 31.12.2012 | 310.382 | 70.100 | 13.333 | ( 229.328) | 164.487 |

## 12. Skatteign

Skatteign félagsins greinist þannig:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Skatteign í ársbyrjun | 43.278 | 39.477 |
| Reiknaður tekjuskattur ársins | 380 | ( 4.847) |
| Niðurfært vegna óvissu um nýtingu | ( 43.658) | ( 34.631) |
| Skatteign 31.12.2012 | 0 | 0 |

Skatteign félagsins skiptist þannig á liði efnahagsreiknings:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 3.824 | 3.296 |
| Viðskiptakröfur | 652 | 652 |
| Gengismunur | ( 1.138) | ( 89) |
| Yfirfæranlegt tap | 40.320 | 30.772 |
| Niðurfært vegna óvissu um nýtingu | ( 43.658) | ( 34.631) |
| Skatteign 31.12.2012 | 0 | 0 |

## 13. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

| | Samstæða | Móðurfélag |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir: | | |
| Verðtryggt lán | 65.827 | 65.827 |
| Næsta árs afborganir | ( 8.315) | ( 8.315) |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 57.512 | 57.512 |
| | | |
| Eignaleigusamningar: | | |
| Lán í EUR | 121.515 | 0 |
| Lán í ISK | 128 | 128 |
| | 121.643 | 128 |
| Næsta árs afborganir | ( 17.687) | ( 128) |
| Eignaleigusamningar samtals | 103.956 | 0 |
| | | |
| Skuldabréfalán: | | |
| Óverðtryggt lán | 10.400 | 10.400 |
| Næsta árs afborganir | ( 2.600) | ( 2.600) |
| Skuldabréfalán samtals | 7.800 | 7.800 |
| | | |
| Skuld við Þróunarfélagið, sbr. skýring 15 | 256.779 | 256.779 |
| | | |
| Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir | 454.649 | 333.134 |
| Næsta árs afborganir, sbr. skýring 14 | ( 28.602) | ( 11.043) |
| Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi | 426.047 | 322.091 |

**14.** Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2013 | 28.602 | 11.043 |
| Árið 2014 | 29.931 | 10.915 |
| Árið 2015 | 31.510 | 10.915 |
| Árið 2016 | 33.219 | 10.915 |
| Árið 2017 | 32.470 | 8.315 |
| Síðar | 298.916 | 281.031 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 454.649 | 333.134 |

**15. Skuld við Þróunarfélagið**

Skuld við Þróunarfélagið að fjárhæð 256,8 millj. kr. er tilkomin vegna kaupa félagsins á fasteign og lóð. Skuldin er verðtryggð með byggingavísitölu og ber að greiða eigi síðar en 1. janúar 2018 skv. sérstöku samkomulagi. Einnig hefur verið samið um niðurfellingu vaxta frá 1. janúar 2013 og út lánstímann.

**16. Ábyrgðir**

Móðurfélagið er í ábyrgð fyrir skuldbindingum dótturfélagsins KAOC vegna flugvélakaupa samtals að eftirstöðvum 104,0 millj. kr. í árslok 2012.

**17. Kennitölur**

Helstu kennitölur greinast þannig:

| | **Samstæða** | | **Móðurfélag** | |
|---|---|---|---|---|
| | **2012** | **2011** | **2012** | **2011** |
| Veltufjárhlutfall | 0,88 | 0,70 | 2,05 | 0,56 |
| Eiginfjárhlutfall | 0,23 | 0,21 | 0,30 | 0,21 |
| Innra virði hlutafjár | 0,53 | 0,43 | 0,53 | 0,43 |
| Arðsemi eigin fjár | -0,14 | -0,29 | -0,14 | -0,29 |